

Efling og uppbygging sögustaða

941. mál, þingsályktunartillaga
154. löggjafarþing 2023–2024.

Umsögn rekstaraðila Eiríksstaða í Haukadal

Við fögnum því að komið sé að sögustöðum og stuðningi við uppbyggingu og eflingu þeirra sérstaklega, í tengslum við ferðaþjónustu.

Eiríksstaðir hafa notið stuðnings á opinberum vettvangi líkt og margir menningarsögulegir staðir, en í raun hafa reglur í úthlutunum oft þvælst fyrir eðli starfseminnar. Við erum ekki safn, sem á aðgengi að Safnasjóði, við erum með aðgangseyri og því aðeins að litlu leyti gjaldgeng í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og erum þó með hvað mesta starfsemi af þeim fjölmörgu sögustöðum sem prýða Dalina. Við vonumst til að með skilgreiningu sögustaða verði auðveldara að fá fjármagn til uppbyggingar og meiri starfsemi og miðlun til gesta, helst til þess að skapa þann ævintýraheim 10. aldar sem okkur dreymir um að umlykja gesti með. Því sögustaðir lifna ekki við nema með starfsemi. Annað hvort að þangað sé ferð með fólk eða að þar sé viðvarandi rekstur. Því viljum við leggja áherslu á að styrkja *starfsemi* en ekki bara innviði og að styrkja vöruþróun sem leiði til sjálfbærs sögutengds rekstrar, en ekki bara merkingar og skilti, því þannig lifnar sagan ekki við eða verður aðdráttarfl í ferðaþjónustu.

En sögustaðir eru ekki eylönd án aðgengis. Án öruggs vegasambands árið um kring er ekki hægt að reka öflugan sögustaði. Það þarf meira til en góðvilja áfangastaðastofa og viljum við því hvetja eindregið til þess að samráð verði um vegagerð og heils árs vegabjónustu til okkar mikilvægu sögustaða, ekki síst þeirra sem ætla sér að vera með virka menningarstarfsemi og vera vettvangur atvinnuuppbyggingar.

Við viljum líka nefna að aðgengi fyrir alla er gríðarmikilvægt sem hluti uppbyggingar menningarstaða og langar að hvetja til að samráð sé haft við hlutaðeigandi félagasamtök og hagsmunaaðila meðal þeirra sem eiga við aðgengisáskoranir að glíma, þegar skilgreint er hvernig stuðningi við uppbyggingu sögustaða er háttað.

Atli Freyr Guðmundsson

Bjarnheiður Jóhannsdóttir

Rain Mason

Reynir Guðbrandsson

Eigendur History Up Close ehf.